



Siðareglur starfsmanna Íveru

*Hvers er að vænta í
samskiptum okkar við hvort annað*

Reykjavík 1. október 2025

Egill Lúðvíksson,
forstjóri Íveru ehf.

Erlendur Kristjánsson
yfirlögfræðingur Íveru ehf.

TIL HVERS AÐ HAFA SIÐAREGLUR?

Ívera er traustur samstarfsaðili, sama hvers eðlis samstarfið er. Ívera er ætíð áreiðanlegur mótaðili í hlutverki leigusala, vinnuveitanda, eiganda, samstarfsaðila eða hvers konar hagsmunaaðila.

Rekstri Íveru er ætíð háttað í samræmi við lög og reglur. Grundvöllurinn fyrir slíkum rekstri byggir á því að allir sem koma að rekstri félagsins séu samþykkir gildum félagsins og hafi þau að leiðarljósi. Til að undirstrika þetta höfum við birt grunngildin okkar, sem rekstur félagsins byggir á, í formi þessara siðareglna Íveru („**siðareglurnar**“).

Siðareglurnar ramma inn þau gildi sem allir starfsmenn Íveru fylgja og eins býst Ívera við því að samstarfsaðilar fylgi þeim einnig. Í siðareglunum er fjallað um réttindi og skyldur þessara aðila. Siðareglurnar gilda um alla starfsmenn, stjórnarmenn, ráðgjafa og umboðsmenn félagsins sama á hvaða vettvangi eða aðstæðum þeir koma fram fyrir hönd félagsins. Siðareglurnar gilda um alla sem vinna hjá okkur, fyrir okkur eða með okkur. Birgjar okkar þurfa alltaf að háttá framferði sínu í samræmi við siðareglurnar og ákvæði þeirra.

Í ákveðnum tilfellum skal notast við siðareglurnar með öðrum ítarlegri stefnum og reglum sem Ívera hefur sett sér fyrir afmörkuð mengi sem rekstur félagsins snertir á. Þær reglur/stefnur eru allar að finna í rekstrarhandbók Íveru.

Grunngildi Íveru móta daglegan rekstur félagsins.

Ef einhver vafamál koma upp í tengslum við túlkun siðareglanna skal framkvæmdastjóri og yfirlögfræðingur félagsins upplýsa starfsmenn um réttan skilning/ túlkun á siðareglunum.

ÁBYRG

STJÓRNUN

Hjá Íveru er mikið lagt upp úr samstarfi milli starfsmanna félagsins. Starfsmenn bera þó ábyrgð einir á þeim verkefnum sem fylgja starfssviði hvers og eins sem og þeim tækifærum sem koma upp í tengslum við starf hvers og eins. Stjórnendur innan félagsins skulu setja góð fordæmi fyrir starfsmenn til að fylgja, sem og að vera fyrirmyndir í daglegu starfi sínu.

Sem stjórnandi skaltu ætíð vera opinn fyrir samtölum við undirmenn þína því góð og gegnsæ samskipti milli starfsmanna félagsins grundvallar betra starfsumhverfi og tryggir að allir séu að vinna að sama markmiði.

Sem stjórnandi berð þú ábyrgð á því að allir undirmenn þínir þekki siðareglur félagsins og að samstarfsaðilar félagsins séu einnig upplýstir um þær.

RÁÐLEGGINAR

TIL STARFSMANNA

Sem starfsmaður eða samstarfsaðili Íveru, ekki hika við að spyrja yfirmann eða samstarfsmann um ráðleggingar ef upp koma einhver vafaatriði í starfi þínu fyrir Íveru. Til viðbótar má einnig hafa neðan greindar spurningar í huga sem eiga við í flestum tilfellum:

- Hvernig mundi mér líða ef einhver gerði það sem ég var að gera?
- Gæti ákvörðun mín haft áhrif á það traust sem fólk ber til Íveru?
- Er þetta siðferðislega rétt ákvörðun?
- Er þetta löglegt?

Loforðin okkar til hvors
annars og félagsins

Öll sambönd krefjast umhyggju, ábyrgðar og virðingar. Það sama gildir um þau sambönd sem við myndum í vinnunni. Á grundvelli þessa byggjum við starfsumhverfi sem við getum öll þrífist og vaxið innan og verið leigufélag sem tekur ábyrgð á starfsemi sinni og starfsmönnum ásamt því að veita þeim tækifæri í starfi.

Skýr og góð skilyrði

- Skilyrði ráðninga og starfssviðs starfsmanna Íveru eru skýr.
- Við upplýsum starfsmenn um markmið félagsins, aðferðarfræði og hvernig aðgerðir hvers og eins starfsmanns stuðli að því að markmiðunum verði náð.
- Stjórnendur og starfsmenn bera sameiginlega ábyrgð á því að allar nauðsynlegar upplýsingar séu aðgengilegar fyrir alla starfsmenn til að gera þeim kleift að inna vinnu sína af hendi í samræmi við viðmið Íveru.
- Við erum skýr um hvaða upplýsingar félagið geymir um starfsmenn sína og til hvers.

Jafnrétti

- Hjá Íveru fá allir sömu tækifæri tengt starfi okkar, þekkingu, reynslu og árangri.
- Starfsmenn Íveru skulu í öllum aðstæðum sýna hvor öðrum gagnkvæma virðingu.
- Mismunur verður ekki liðin af Íveru.
- Hvers kyns árásir, hótanir eða áreiti, sama af hvaða toga (líkamleg, kynferðisleg, andleg, munnleg eða annarskonar) eru ekki liðnar af Íveru.

Öruggur vinnustaður

- Hjá Íveru er öryggi starfsmanna félagsins í fyrirrúmi. Við berum öll

ábyrgð á því að stuðla að öruggu og heilbrigðu starfsumhverfi, bæði hvað varðar öryggi ásamt því að stuðla að heilnæmu vinnuumhverfi þar sem vellíðan ræður ríkjum.

- Samskipti starfsmanna skulu ætíð vera opin og hreinskilin.
- Við berum öll ábyrgð á því að stuðla að heilbrigðu jafnvægi milli vinnu og frítíma til að takmarka stress og álag.

Persónuvernd og trúnaður

- Allir starfsmenn Íveru skulu gæta fyllsta trúnaðar um upplýsingar sem starfsmenn verða uppvísir að í starfi sínu. Sá trúnaður gildir þrátt fyrir að starfsmaður láti af störfum hjá Íveru.
- Starfsmenn skulu standa vörð um eignir félagsins.

Loforðin til viðskiptavina okkar

Leigutakar okkar eru okkar viðskiptavinir. Án þeirra værum við ekki hér. Viðskiptavinir okkar eru mismunandi eins og við en skipta okkur allir jafn miklu máli. Þar af leiðandi verðum við alltaf að gefa öllum viðskiptavinum okkar sömu athygli, virðingu og umhyggju, svo öllum líði sem best hjá okkur.

Auðskiljanlegir samningar og skýr upplýsingagjöf

- Umsóknar- og úthlutunarferli Íveru fyrir

Íbúðir er gegnsætt og skýrt.

- Leigutakar okkar fá auðskiljanlega samninga og reglubundna upplýsingagjöf um hluti sem áhrif geta haft á heimili þeirra.

Berum virðingu fyrir heilindum allra

- Við sýnum viðskiptavinum okkar virðingu og mismunum þeim aldrei.
- Upplýsingar um viðskiptavinum okkar eru ætíð meðhöndlaðar á öruggan máta til að koma í veg fyrir að óviðkomandi þriðji aðili komist yfir þær án samþykki viðskiptavinar Íveru.
- Við geymum einungis upplýsingar um leigutaka okkar sem eru nauðsynlegar vegna samningssambands okkar við leigutakann.

- Við svörum ætíð fyrirspurnum leigutaka um hvaða upplýsingar félagið geymir um þá og á hvaða grundvelli.

Öryggi

- Við tryggjum að leigutakar okkar upplifi öryggi í íbúðunum okkar.
- Við tryggjum að allar íbúðir okkar uppfylli ýtrustu kröfur um brunavarnir og gerum það meðal annars með því að ganga úr skugga um að allir reykskynjarar eru til staðar og með batterí við afhendingu íbúðar ásamt öðrum brunavarnatækjum. Auk þess sýnum við leigutökum okkar hvernig á að nota tækin.
- Við vinnum með öðrum hagsmunaaðilum til að stuðla að öryggi í því samfélagi sem við eigum og rekum leiguíbúðir.

Loforðin til samstarfsaðila okkar

Það við segjumst ætla að gera og það sem við gerum í raun leggur grunnin að því hvernig samfélagið sér Íveru. Sú ásynd sem við mótum félaginu út á við er til frambúðar, en ekki skammtíma. Því er mikilvægt að Ívera sé hreinskilið og gagnsætt því þannig ræktum við það traust sem við höfum í dag. Alla daga.

Mótaðili, skilgreindur sem áhættusamur

- Ívera er með áhættustefnu þegar kemur að samstarfi við þriðja aðila.
- Ívera vinnur ekki með, hvorki beint né óbeint, aðila sem er skilgreindur sem áhættusamur. Dæmi um slíkan aðila eru ríki sem FATF hefur skilgreint sem áhættusöm og ósamvinnuþýð ríki í tengslum við peningabætti o.fl.
 - Við erum vakandi fyrir því að utanaðkomandi aðilar getir verið á áhættulistum eða sé partur af samstæðu sem teygir anga sína

til svokallaðra áhættulanda.

- Við eigum ekki í viðskiptum við fólk, lögaðila eða lönd sem eru á áhættulistum.
- *Áhættuskilgreiningar eru löggerningar sem stjórnvöld beita fyrir sig til að þvinga fram breytingu á öðrum ríkjum (t.d. til að sporna gegn peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka), slíkt getur birst í þeirri mynd að sett sé viðskiptabann á tiltekið land o.fl. Íslenska ríkið er með slíka lista sem uppfærðir eru reglulega ef tilefni þykir til. Lögmaður Íveru er ábyrgðarmaður skv. 34. gr. l. nr. 141/2018.*

Stefnur gegn spillingar og mútumálum

Íveran umber enga birtingarmynd af spillingu eða mútum.

Gagnsæ og hreinskilin samskipti

- Opinber upplýsingagjöf Íveru er ábyrg og gagnsæ hvort sem henni er beint að fjölmiðlum, greinendum eða fjárfestum.
- Við tryggjum að upplýsingar frá félaginu eru réttar og ekki misvísandi.

Samkeppnishæfni

- Ívera á ekki samráð við samkeppnisaðila sína, sem er til þess fallið að hefta samkeppni á leigumarkaði.

Hluti af þessari vinnu Íveru felst í því að félagið tekur þátt í að próa hverfi og þar sem félagið er með íbúðir til útleigu.

Loforðin til samfélagsins

Við viljum leggja okkar af mörkum til að bæta samfélagið. Metnaður Íveru til að leggja sitt af mörkum til að bæta samfélagið á að virka sem hvati fyrir aðra til að gera hið sama.

Félagið leggur mikla áherslu að próa og auka við samfélags- og umhverfisábyrgð félagsins. Ívera vill bæta samfélagið og leggur mikla áherslu á að vera þáttakandi í að bæta umhverfi og samfélagið sem félagið tekur þátt í í starfsemi sinni.

Umhverfisstefna

- Ívera leggur ríka áherslu á hagkvæma notkun auðlinda í starfsemi sinni.
- Við leggjum okkur fram við að nota grænar lausnir í framkvæmdum, viðhaldi og almennum rekstri félagsins og stuðlum einnig að því að viðskiptavinir okkar geri slíkt hið sama, t.d. með því að flokka rusl, nota rafmagnsbíla og aðra farskjóta en bíla.
- Við leitumst við að eiga í viðskiptum við mótaðila sem eru með svipaðar stefnur og Ívera þegar kemur að umhverfinu og samfélagsmálum.
- Við styrkjum ekki stjórn mála flokka, stjórn mála félög eða stjórn mála menn.

Samfélagsábyrgð

- Sem félag leggjum við okkar af mörkum til að skapa örugg lífsskilyrði fyrir viðskiptavinum okkar ásamt því að þróa hverfin þar sem eignir okkar eru. Framangreind nálgun er nýtt hvort sem um er að ræða nýjar íbúðir eða íbúðir sem við eigum nú þegar.

Upplýsingagjöf í tengslum ætluð brot á siðareglum, lögum og/eða reglum.

Við leggjum áherslu á að skapa opið og gagnsætt umhverfi þar sem höfum reglubundin samskipti um Íveru og þau gildi sem félagið byggir starfsemi sína á. Ef þig grunar að einhversstaðar hafi átt sér brot á siðareglum Íveru, þá ber þér skylda að tilkynna það til næsta yfirmanns. Teljir þú ekki viðeigandi að upplýsa nánasta yfirmann um ætluð brot þá getur þú tilkynnt það til mannauðsstjóra félagsins.

Ívera er ábyrg fyrir því að tryggja öryggi þess sem upplýsir um hugsanlega brot á siðareglum Íveru. Fyrir frekari upplýsingar um verkferilinn sem fylgt er við slíka upplýsingar er hægt að hafa samband við lögmann félagsins.

Viðurlög

Ívera mun grípa til aðgerða gegn hverjum sem gerist brotlegur við siðareglur félagsins, lög eða reglur. Slík brot gætu orðið grundvöllur að viðvörðun, áminningu og allt að brottrekstri eftir því hversu alvarlegt brotið reynist. Í sumum tilfellum gæti jafnvel komið til þess að brotið sé tilkynnt til yfirvalda.

Nafnlausar tilkynningar

Við bjóðum einnig upp á nafnlausar tilkynningar, þar sem tilkynnandi getur tilkynnt um ætluð brot nafnlaust, kjósi hann að gera svo. Utanaðkomandi hagsmunaðilar geta einnig notað verkferilinn til að tilkynna um hugsanlega brot.

Legðu inn tilkynningu með því að tölvupóst á Erlendur@Ivera.is

www.ivera.is